Samningur um flugþjónustu

milli

ríkisstjórnar Ísraelsríkis

og

ríkisstjórnar Íslands

FORMÁLSORÐ

Ríkisstjórn Ísraelsríkis og ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefndar „samningsaðilar“,

sem eru aðilar að samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað sé tekið fram:

a) „flugmálayfirvöld“ merkir í tilviki Ísraelsríkis ráðuneyti samgöngumála og umferðaröryggis á vegum flugmálayfirvalds á sviði almenningsflugs og í tilviki Íslands samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, eða í báðum tilvikum hvert annað yfirvald eða aðila sem hefur heimild til þess að inna af hendi þau störf sem fyrrnefnd yfirvöld hafa með höndum,

b) „samningur“ merkir samning þennan, viðauka við hann og allar breytingar þar á,

c) „flutningsgeta“ merkir umfang veittrar þjónustu samkvæmt samningnum, venjulega mælt í fjölda fluga (ferðatíðni) eða sæta eða tonna farms sem er boðinn á markaði (borgartvennd eða frá landi til lands) eða á leið á tilteknu tímabili, til að mynda daglega, vikulega, árstíðabundið eða árlega,

d) „Chicago-samningur“ merkir samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944, ásamt hverjum þeim viðauka sem hefur verið samþykktur skv. 90. gr. þess samnings og sérhverri breytingu á viðaukunum eða Chicago-samningnum á grundvelli 90. og 94. gr., að svo miklu leyti sem þessir viðaukar og breytingar hafa tekið gildi gagnvart báðum samningsaðilum,

e) „tilnefndur flugrekandi“ merkir flugrekanda sem hefur verið tilnefndur og fengið leyfi samkvæmt ákvæðum 3. gr. samnings þessa (Tilnefning og veiting leyfis),

f) „verð“ eða „gjaldskrá“ merkir fargjald, verð eða gjald sem flugrekendur og umboðsaðilar þeirra taka fyrir að flytja farþega, farangur og/eða farm (að frátöldum pósti) með flutningum í lofti (þar með talinn hvaða annar flutningsmáti sem er sem því tengist) og þau skilyrði sem stýra aðgengi að fyrrnefndu fargjaldi, verði eða gjaldi,

g) „yfirráðasvæði“ með tilliti til ríkis hefur þá merkingu er um getur í 2. gr. Chicago-samningsins,

h) „notendagjöld“ merkir gjöld sem lögbær yfirvöld taka eða heimila að séu tekin af flugrekendum fyrir að láta þeim í té afnot af eignum eða aðstöðu á flugvelli eða af flugleiðsöguvirkjum eða flugöryggisbúnaði, þar með talin tengd þjónusta og aðstaða fyrir loftför, áhafnir þeirra, farþega og farm,

i) hugtökin „flugþjónusta“, „alþjóðleg flugþjónusta“, „flugrekandi“ og „viðkoma án viðskipta“ hafa þá merkingu sem hverju þeirra er gefin í 96. gr. Chicago-samningsins,

j) „samþykkt flugþjónusta“ merkir áætlunarflug á þeim leiðum sem eru tilgreindar í viðaukanum við samning þennan vegna flutnings farþega, farms og pósts, með aðskildum eða samtengdum hætti,

k) „búnaður á jörðu niðri“ „aðföng loftfars“ og „varahlutir“ hafa þá merkingu sem hverju þeirra er gefin í 9. gr. Chicago-samningsins.

2. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, í því skyni að stunda alþjóðlega flugþjónustu á þeim leiðum sem eru tilgreindar í leiðaskránni í viðaukanum.

2. Flugrekandi eða flugrekendur, sem hvor samningsaðili um sig hefur tilnefnt, skal eða skulu njóta eftirfarandi réttinda samkvæmt ákvæðum samnings þessa þegar hann eða þeir stunda alþjóðlega flugþjónustu:

   a) réttinda til að fljúga yfir yfirráðasvæði hins samningsaðilans án þess að lenda,

   b) réttinda til að hafa viðkomu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans án viðskipta og

   c) réttinda til viðkomu á þeim stað eða stöðum á þeirri leið eða leiðum sem er eða eru tilgreindar í leiðaskránni í viðaukanum við samning þennan, í því skyni að taka um borð eða setja frá borði farþega, farm eða póst, með aðskildum eða samtengdum hætti, í millilandaflutningum.

3. Flugrekandi eða flugrekendur hvors samningsaðila um sig, annar eða aðrir en þeir sem tilnefndir eru á grundvelli 3. gr. samnings þessa, skulu og njóta þeirra réttinda sem tilgreind eru í a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

4. Ekkert í 2. mgr. telst veita tilnefndum flugrekanda eða flugrekendum annars samningsaðilans þau sérréttindi að taka um borð, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, farþega, farm og póst gegn gjaldi til ákvörðunarstaðar annars staðar á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

3. gr.

Tilnefning og veiting leyfis.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilnefna, með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans, einn flugrekanda eða fleiri í því skyni að stunda samþykkta flugþjónustu á hinum tilgreindu leiðum og rétt til að draga slíka tilnefningu til baka eða breyta henni.

2. Hvor samningsaðili um sig skal, eftir að hann veitir fyrrnefndri tilnefningu viðtöku og umsókn frá viðkomandi tilnefndum flugrekanda í þeirri mynd og með þeim hætti sem mælt er fyrir um vegna flugrekstrarleyfis, veita viðeigandi flugrekstrarleyfi með eins skjótum hætti og málsmeðferð leyfir, að því tilskildu að:

   a) samningsaðilinn, sem tilnefnir viðkomandi flugrekanda, ríkisborgarar þess samningsaðila eða báðir hafi raunverulegt eignarhald á honum og hafi í raun yfirráð yfir honum,

   b) samningsaðilinn, sem tilnefnir flugrekandann, fari að þeim ákvæðum sem sett eru fram í 8. gr. (Öryggi) og 9. gr. (Flugvernd) og

   c) hinn tilnefndi flugrekandi sé hæfur til að uppfylla önnur skilyrði sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda að jafnaði um starfrækslu millilandaflutninga í lofti hjá þeim samningsaðila sem veitir tilnefningunni viðtöku.

3. Eftir að tilnefndur flugrekandi veitir flugrekstrarleyfi viðtöku getur hann hvenær sem er hafið rekstur þeirrar samþykktu flugþjónustu sem hann er þannig tilnefndur til að veita, að því tilskildu að flugrekandinn fari að gildandi ákvæðum samnings þessa.

4. gr.

Leyfi haldið eftir, afturkallað og/eða takmarkað.

1. Flugmálayfirvöld hvors samningsaðila um sig skulu eiga rétt á að halda eftir því leyfi er um getur í 3. gr. samnings þessa (Tilnefning og veiting leyfis) að því er varðar flugrekanda sem hinn samningsaðilinn tilnefnir og að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða setja skilyrði fyrir slíkum leyfum, tímabundið eða varanlega:

   a) í þeim tilvikum þegar þau eru ekki fullviss um að raunverulegt eignarhald í fyrrnefndum flugrekanda og yfirráð í raun yfir honum séu í höndum þess samningsaðila sem tilnefnir flugrekandann, ríkisborgara þess samningsaðila eða beggja,

   b) fari samningsaðilinn, sem tilnefnir flugrekandann, ekki að þeim ákvæðum sem sett eru fram í 8. gr. (Öryggi) og 9. gr. (Flugvernd),

c) sé hinn tilnefndi flugrekandi óhæfur til að uppfylla önnur skilyrði sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda að jafnaði um starfrækslu millilandaflutninga í lofti hjá þeim samningsaðila sem veitir tilnefningunni viðtöku.

2. Því aðeins skal beita þeim rétti sem er tilgreindur í 1. mgr. þessarar greinar að undangengnu samráði milli flugmálayfirvaldanna í samræmi við 22. gr. samnings þessa (Samráð), nema nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða strax til þess að koma í veg fyrir brot á lögum og reglugerðum sem um getur hér að framan eða nema aðgerða sé þörf samkvæmt 8. gr. (Öryggi) og 9. gr. (Flugvernd) í þágu öryggis eða flugverndar.

5. gr.

Beiting laga.

1. Beita skal lögum og reglugerðum annars samningsaðilans um komu loftfara, sem eru starfrækt í alþjóðlegri flugþjónustu, til yfirráðasvæðis hans eða brottför þeirra þaðan gagnvart loftförum flugrekanda hins samningsaðilans.

2. Lög og reglugerðir annars samningsaðilans um komu farþega, áhafna og farms, þar með talinn póstur, t.d. lög og reglugerðir um útlendingaeftirlit, tolleftirlit, gjaldmiðla og heilbrigði og sóttvarnarráðstafanir, til yfirráðasvæðis hans, veru þeirra þar og brottför þaðan skulu gilda um farþega, áhafnir, farm og póst sem loftför flugrekanda hins samningsaðilans flytja, meðan þau eru á fyrrnefndu yfirráðasvæði.

3. Hvorugur samningsaðilanna skal ívilna eigin flugrekanda eða nokkrum öðrum flugrekanda á kostnað flugrekanda hins samningsaðilans, sem stundar hliðstæða millilandaflutninga í lofti, þegar hann beitir reglugerðum sínum um útlendingaeftirlit, tolleftirlit og sóttvarnarráðstafanir og líkum reglugerðum.

6. gr.

Bein gegnumferð.

Farþegar, farangur og farmur í beinni gegnumferð skulu einungis háðir mjög einfölduðu eftirliti. Farangur og farmur í beinni gegnumferð skulu undanþegnir tollum og öðrum álíka sköttum.

7. gr.

Viðurkenning skírteina og leyfa.

1. Hvor samningsaðili um sig skal taka gild lofthæfivottorð, hæfisskírteini og leyfi, sem hinn samningsaðilinn gefur út eða löggildir og enn eru í gildi, til þess að unnt sé að

stunda hina samþykktu flugþjónustu, að því tilskildu að þær kröfur sem gerðar voru vegna útgáfu eða löggildingar slíkra vottorða/skírteina eða leyfa jafngildi eða séu meiri en þær lágmarksviðmiðanir sem heimilt er að setja samkvæmt Chicago-samningnum.

2. Heimili sérréttindi eða skilyrði, sem tengjast leyfum eða vottorðum/skírteinum sem vísað er til í 1. mgr. að framan og flugmálayfirvöld annars samningsaðilans gefa út til handa hvaða aðila eða tilgreindum flugrekanda sem er eða vegna loftfars sem er notað þegar samþykkt flugþjónusta er stunduð, frávik frá þeim lágmarksviðmiðunum sem eru sett á grundvelli Chicago-samningsins og hafi slíkt frávik verið skráð hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, getur hinn samningsaðilinn óskað eftir að fram fari samráð milli flugmálayfirvaldanna í því skyni að skýra það fyrirkomulag er um ræðir.

3. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér þó rétt til að neita að taka gild, vegna flugs yfir eigið yfirráðasvæði eða lendinga innan þess, hæfisskírteini og leyfi sem eru veitt fyrir eigin ríkisborgara af hálfu hins samningsaðilans.

8. gr.

Flugöryggi.

1. Hvor samningsaðili um sig getur, hvenær sem er, farið fram á samráð um öryggisviðmiðanir sem hinn samningsaðilinn fylgir á sviðum sem lúta að flugrekstraraðstöðu, flugliðum, loftförum og rekstri loftfara. Samráð þetta skal fara fram innan þrjátíu (30) daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram.

2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkt samráð, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki öryggisviðmiðunum með skilvirkum hætti og hirði ekki um þær á þeim sviðum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þ.e. öryggisviðmiðunum sem eru í samræmi við þær viðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum, skal hinum samningsaðilanum tilkynnt um þá niðurstöðu og til hvaða ráðstafana er talið nauðsynlegt að grípa til að uppfylla megi viðmiðanir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Skal þá hinn samningsaðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.

3. Samningsaðilarnir eru enn fremur samþykkir því, í samræmi við ákvæði 16. gr. Chicago-samningsins, að heimilt sé að framkvæma skoðun á eða í hverju því loftfari sem flugrekandi annars samningsaðilans starfrækir, eða er starfrækt á hans vegum, og er í förum til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, meðan það er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, og að slík skoðun sé framkvæmd af viðurkenndum fulltrúum hins samningsaðilans, að því tilskildu að hún valdi ekki óréttmætri seinkun að því er starfrækslu loftfarsins varðar. Þrátt fyrir þær skuldbindingar sem um getur í 33. gr. Chicago-samningsins er skoðun þessi framkvæmd í því skyni að ganga úr skugga um að viðeigandi skjöl sem fylgja loftfarinu og flugliðaskírteini séu gild og að tækjabúnaður og ástand loftfarsins uppfylli þær viðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum.

4. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að nema flugrekstrarleyfi flugrekanda eða flugrekenda hins samningsaðilans tímabundið og þegar í stað úr gildi eða breyta því þegar nauðsynlegt er að grípa til brýnna aðgerða í því skyni að tryggja öryggi í rekstri flugrekanda.

5. Aðgerðum, sem annar samningsaðilinn grípur til í samræmi við ákvæði 4. mgr. hér að framan, skal hætt um leið og forsendur fyrir því að grípa til þeirra eru ekki lengur til staðar.

6. Liggi fyrir ákvörðun, með vísan til ákvæða 2. mgr. þessarar greinar, þess efnis að annar samningsaðilinn uppfylli ekki þær lágmarksviðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum að umsömdum tíma liðnum, ætti að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um það. Þá ber og að tilkynna honum um eftirfarandi og viðunandi lausn málsins.

9. gr.

Flugvernd.

1. Samningsaðilarnir árétta, í samræmi við réttindi sín og skyldur að þjóðarétti, að gagnkvæm skylda þeirra til að vernda almenningsflug gegn ólöglegu athæfi sé órjúfanlegur þáttur samnings þessa. Samningsaðilunum ber sérstaklega, án þess að takmarka almennt gildi réttinda sinna og skyldna að þjóðarétti, að bregðast við í samræmi við ákvæði samningsins um lögbrot og aðra verknaði í loftförum sem var undirritaður í Tókýó 14. september 1963, samningsins um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara sem var undirritaður í Haag 16. desember 1970 og samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem var undirritaður í Montreal 23. september 1971, viðbótarbókunarinnar við hann til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð sem var undirrituð í Montreal 24. febrúar 1988 og í samræmi við aðra samninga og bókanir um vernd almenningsflugs sem báðir samningsaðilar eru aðilar að.

2. Samningsaðilarnir skulu, ef þess er óskað, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólögmætar aðgerðir sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar og til að fást við sérhverja aðra ógnun við vernd í almenningsflugi.

3. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sínum, haga gerðum sínum í samræmi við þau flugverndarákvæði sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreind sem viðaukar við Chicago-samninginn að því marki sem slík flugverndarákvæði gilda fyrir samningsaðilana og skulu þeir gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara á skrá hjá þeim eða rekstraraðilar loftfara sem hafa aðalstarfsstöð eða fast aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra og rekstraraðilar flugvalla á yfirráðasvæðum þeirra hagi gerðum sínum í samræmi við fyrrnefnd flugverndarákvæði. Hvor samningsaðili um sig skal tilkynna hinum samningsaðilanum um sérhvern mismun milli

innlendra reglugerða hans og framkvæmdamáta og flugverndarviðmiðana samkvæmt viðaukunum við Chicago-samninginn. Öðrum hvorum samningsaðilanna er heimilt að óska hvenær sem er eftir að fram fari samráð við hinn samningsaðilann þegar í stað í því skyni að ræða slíkan mismun.

4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að heimilt sé að gera þá kröfu til fyrrnefndra rekstraraðila loftfara að þeir virði þau flugverndarákvæði sem um getur í 3. mgr. hér að framan eins og hinn samningsaðilinn ætlast til vegna komu inn á yfirráðasvæði sitt, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að gerðar séu fullnægjandi og skilvirkar ráðstafanir á yfirráðasvæði sínu til að vernda viðkomandi loftför og skoða farþega, áhafnir, handfarangur, farangur, farm og aðföng loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal taka til vinsamlegrar athugunar allar beiðnir hins samningsaðilans um réttmætar, sérhæfðar öryggisráðstafanir og munu flugmálayfirvöld samningsaðilanna hafa rétt í því skyni til að ganga frá samkomulagi um framkvæmd verndarráðstafana.

5. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum ólögmætum aðgerðum, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilarnir aðstoða hvorn annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.

6. Hafi samningsaðili gildar ástæður til að ætla að hinn samningsaðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar greinar, getur fyrstnefndi samningsaðilinn farið fram á samráð. Samráðið skal hefjast innan fimmtán (15) daga frá því að annar hvor samningsaðilanna veitir fyrrnefndri beiðni viðtöku. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan fimmtán (15) daga frá því að samráð hefst skal það teljast næg ástæða til að halda eftir, afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða setja skilyrði fyrir rekstrarleyfum þeirra flugrekenda sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt. Fyrstnefnda samningsaðilanum er hvenær sem er heimilt að grípa til bráðabirgðaráðstafana þegar neyðarástand réttlætir slíkt eða þegar koma á í veg fyrir að ekki sé farið að ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Notendagjöld.

1. Hvorugur samningsaðila skal leggja á eða heimila að lögð verði á tilnefnda flugrekendur hins samningsaðilans hærri notendagjöld en þau sem lögð eru á eigin flugrekendur sem stunda sambærilega alþjóðlega þjónustu.

2. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að efnt verði til samráðs um notendagjöld milli lögbærs yfirvalds síns á sviði gjaldtöku og flugrekenda sem nýta þá þjónustu og aðstöðu sem er látin í té; þar sem því verður komið við fyrir atbeina samtaka sem koma

fram fyrir hönd þeirra flugrekenda. Láta ætti fyrrnefndum notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með hæfilegum fyrirvara til þess að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður. Hvor samningsaðili um sig skal ennfremur hvetja lögbært yfirvald sitt á sviði gjaldtöku og fyrrnefnda notendur til að skiptast á viðeigandi upplýsingum um notendagjöld.

11. gr.

Tollar.

1. Hvor samningsaðili um sig skal, með gagnkvæmum hætti og að því marki sem landslög hans heimila, undanþiggja tilnefndan flugrekanda hins samningsaðilans innflutningstakmörkunum, tollum, vörugjöldum, skoðunargjöldum og öðrum innlendum tollum og gjöldum, sem ekki eru grundvölluð á kostnaði við veitta þjónustu við komu, á eldsneyti fyrir loftför, smurolíum, einnota tæknibirgðum, varahlutum, þ.m.t. hreyflum, venjulegum tækjabúnaði loftfars, aðföngum loftfars og öðrum hlutum, t.d. birgðum prentaðra farseðla, farmbréfum, prentuðu efni sem ber áprentað merki viðkomandi félags og venjulegu kynningarefni sem tilnefndur flugrekandi dreifir án endurgjalds og nota á eða einungis eru notuð í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við loftfar tilnefnds flugrekanda hins samningsaðilans, sem áður er getið, sem stundar hina samþykktu flugþjónustu.

2. Undanþágurnar, sem eru veittar samkvæmt þessari grein, gilda um þá hluti sem um getur í 1. mgr.:

   a) sem hinn tilnefndi flugrekandi hins samningsaðilans kemur með, eða komið er með fyrir hans hönd, inn á yfirráðasvæði annars samningsaðilans,

   b) sem geymdir eru um borð í loftfari hins tilnefnda flugrekanda annars samningsaðilans þegar það kemur inn á eða fer frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans eða

   c) sem fluttir eru um borð í loftfar tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og eru til notkunar þegar samþykkt flugþjónusta er stunduð,

   hvort sem slíkir hlutir eru allir notaðir eða allra þeirra neytt eða ekki innan yfirráðasvæðis samningsaðilans, sem veitir undanþáguna, að því tilskildu að slíkir hlutir skipti ekki um eigendur á yfirráðasvæði fyrrnefnds samningsaðila.

3. Aðeins er heimilt að flytja venjulegan búnað loftfars frá borði, ásamt því efni og birgðum sem venjulega eru um borð í loftförum hins tilnefnda flugrekanda annars hvors samningsaðilanna, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans með samþykki tollyfirvalda á því yfirráðasvæði. Heimilt er, í slíkum tilvikum, að færa slíkan búnað, efni og birgðir

undir eftirlit fyrrnefndra yfirvalda uns þau eru flutt úr landi á ný eða þeim ráðstafað með öðrum hætti í samræmi við tollareglur.

12. gr.

Skattlagning.

1. Hagnaður eða tekjur af rekstri loftfara í millilandaflutningum, sem flugrekandi annars samningsaðilans hefur, meðal annars af þátttöku í viðskiptasamningum milli flugrekenda eða af samrekstri í viðskiptum, skulu undanþegnar öllum sköttum af hagnaði eða tekjum til stjórnvalda hins samningsaðilans.

2. Fjármagn og eignir flugrekanda annars samningsaðilans, sem tengjast hagnýtingu og/eða rekstri loftfara í millilandaflutningum, skulu undanþegin öllum fjármagns- og eignasköttum sem stjórnvöld hins samningsaðilans leggja á.

3. Ágóði af sölu loftfara sem notuð eru í millilandaflutningum og af sölu lausafjármuna, sem tengjast rekstri flugrekanda annars samningsaðilans á slíkum loftförum, skal undanþeginn sköttum á ágóða sem stjórnvöld hins samningsaðilans leggja á.

4. Sé í gildi sérstakur samningur milli samningsaðilanna um að komast hjá tvísköttun skulu ákvæði slíks samnings ganga framar.

13. gr.

Flutningsgeta.

1. Flugmálayfirvöld samningsaðilanna skulu koma sér saman um eða samþykkja heildarflutningsgetu, sem til stendur að tilnefndir flugrekendur samningsaðilanna bjóði fram með hinni samþykktu flugþjónustu, áður en rekstur hefst og eftir það í samræmi við fyrirséða flutningaþörf.

2. Tilnefndur flugrekandi eða flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu fá sanngjörn og jöfn tækifæri til þess að stunda rekstur á sérhverri samþykktri flugleið milli yfirráðasvæða samningsaðilanna.

14. gr.

Gjaldskrár.(Verðlagning)

1. Tilnefndir flugrekendur skulu ákvarða gjaldskrár vegna alþjóðlegrar flugþjónustu, sem er stunduð til og/eða frá yfirráðasvæði annars hvors samningsaðilanna, eftir því sem sanngjarnt má teljast, að teknu hæfilegu tilliti til allra viðeigandi þátta, m.a. rekstrarkostnaðar, sanngjarns hagnaðar og gjaldskráa annarra flugrekenda.

2. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að gera kröfu um að gjaldskrár, sem tilnefndir flugrekendur hins samningsaðilans ákvarða á grundvelli 1. mgr. að framan, verði tilkynntar eða lagðar inn.

3. Hvor samningsaðili um sig hefur rétt til þess að grípa inn í til þess að:

   a) koma í veg fyrir ósanngjarna mismunun að því er varðar verð eða framkvæmd,

   b) vernda neytendur gegn verði sem er óeðlilega hátt eða hamlandi vegna misnotkunar markaðsráðandi stöðu og

   c) vernda flugrekendur gegn óeðlilega lágu verði.

15. gr.

Umreikningur gjaldmiðils og yfirfærsla tekna.

1. Hvor samningsaðili um sig skal heimila flugrekanda hins samningsaðilans að umbreyta og senda til útlanda, eftir kröfu, tekjur sem verða til á staðnum af sölu flutningaþjónustu í lofti og eru umfram fjárhæðir greiddar á staðnum, þar sem umreikningur og yfirfærsla eru heimiluð með skjótum hætti á því gengi sem í gildi er sama dag og beiðnin um umreikning og yfirfærslu er dagsett.

2. Umreikning og yfirfærslu fyrrnefndra tekna skal heimila í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og eru þau ekki háð neinum stjórnsýslugjöldum eða gjöldum vegna gjaldeyrisviðskipta, að fráskildum þeim sem bankar taka að jafnaði fyrir að framkvæma slíkan umreikning og yfirfærslu.

3. Ákvæði þessarar greinar undanþiggja flugrekendur beggja samningsaðila ekki þeim tollum, sköttum og iðgjöldum sem þeim ber að greiða.

16. gr.

Sala og markaðssetning flutningaþjónustu í lofti.

1. Hvor samningsaðili um sig skal veita flugrekanda hins samningsaðilans rétt til þess að selja og markaðssetja alþjóðlega flugþjónustu á yfirráðasvæði sínu með beinum hætti eða fyrir atbeina umboðsaðila eða annarra milliliða að vali viðkomandi flugrekanda, meðal annars rétt til þess að koma á fót skrifstofum, bæði beinlínutengdum og utan nets.

2. Tilnefndum flugrekanda annars samningsaðilans skal heimilað, á grundvelli gagnkvæmni, að flytja inn og hafa á yfirráðasvæði hins samningsaðilans fulltrúa, auk starfsfólks sem sinnir viðskiptum, rekstri og tæknimálum eins og þörf er á í tengslum við rekstur hinnar samþykktu flugþjónustu.

3. Heimilt er að fullnægja þessum þörfum fyrir starfsfólk, að vali tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans, með því að nýta eigið starfsfólk eða með því að nýta þjónustu annarra stofnana, félaga eða flugrekenda sem stunda rekstur á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og hafa leyfi til að stunda umrædda þjónustu fyrir aðra flugrekendur.

4. Fulltrúarnir og starfsfólkið skulu vera undir gildandi lögum og reglugerðum hins samningsaðilans og uppfylla þau lög og reglugerðir:

   a) skal hvor samningsaðili um sig veita, á grundvelli gagnkvæmni og með sem minnstum töfum, þeim fulltrúum og því starfsfólki er um getur í 3. mgr. þessarar greinar nauðsynleg atvinnuleyfi, vegabréfsáritanir vegna heimsókna eða önnur sambærileg skjöl og

   b) skulu báðir samningsaðilar greiða fyrir og hraða afgreiðslu kalls eftir atvinnuleyfum til handa starfsfólki sem vinnur tiltekin, tímabundin skyldustörf sem vara ekki lengur en níutíu (90) daga.

17. gr.

Sameiginlegt flugnúmer/samstarfsfyrirkomulag.

1) Í rekstri þjónustu, sem hefur verið heimiluð á umsömdum leiðum eða þegar hún er stunduð, getur hvaða tilnefndur flugrekandi annars samningsaðilans sem er hafið samstarf um markaðssetningu á borð við föst sætakaup eða sameiginlegt flugnúmer við:

   a) flugrekanda eða flugrekendur annars hvors samningsaðilanna,

   b) flugrekanda eða flugrekendur þriðja samningsaðila.

2) Ákvæðið að framan er með fyrirvara um þau skilyrði að allir flugrekendur innan slíks fyrirkomulags:

   a) hafi viðeigandi forræði,

   b) uppfylli þær kröfur sem eru venjulega gerðar til slíks samstarfs,

   c) upplýsi kaupandann á sölustað, að því er varðar sérhvern farmiða sem er seldur, um hvaða flugrekandi muni fljúga í sérhverjum áfanga leiðarinnar.

18. gr.

Leiga

1. Annar hvor samningsaðilanna getur komið í veg fyrir að leigt loftfar, sem uppfyllir ekki ákvæði 8. gr. (Flugöryggi) og 9. gr. (Flugvernd), sé notað vegna þjónustu á grundvelli samnings þessa.

2. Tilnefndum flugrekendum hvors samningsaðila um sig er, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. hér að framan, heimilt að veita þjónustu á grundvelli samnings þessa með því að nota:

   a. loftfar í þurrleigu frá hvaða félagi sem er, meðal annars flugrekendum,

   b. loftfar í blautleiga frá flugrekendum sama samningsaðila,

   c. loftfar í blautleiga frá flugrekendum hins samningsaðilans,

   d. loftfar í blautleiga frá flugrekendum þriðju landa,

að því tilskildu að allir flugrekendur, sem taka þátt í því fyrirkomulagi er um getur í b-, c- og d-lið hér að framan, hafi viðeigandi leyfi og uppfylli þær kröfur sem gilda venjulega um það fyrirkomulag.

19. gr.

Framlagning tölulegra gagna.

Flugmálayfirvöld hvors samningsaðila um sig skulu láta flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans í té, eða sjá til þess að tilnefndur flugrekandi á þeirra vegum láti þeim í té, reglubundin gögn eða annað yfirlit tölulegs eðlis eins og réttmætt má teljast nauðsynlegt til þess að unnt sé að yfirfara þá flutningsgetu sem er boðin fram með hinni samþykktu þjónustu sem hinn tilnefndi flugrekandi fyrstnefnda samningsaðilans stundar.

20. gr.

Innsending áætlana.

1. Tilnefndur flugrekandi hvors samningsaðila um sig skal senda flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans fyrirséðar flugáætlanir sínar til samþykkis eigi seinna en þrjátíu (30) dögum áður en rekstur samþykktrar flugþjónustu hefst. Fylgja ber sama verklagi vegna breytinga á fyrrnefndum áætlunum.

2. Að því er varðar viðbótarflug, sem viðkomandi tilnefndur flugrekandi annars samningsaðilans óskar eftir að stunda innan hinnar samþykktu þjónustu en utan samþykktrar tímaáætlunar, skal téður flugrekandi biðja um leyfi fyrirfram hjá flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans. Senda ber þess háttar beiðnir að jafnaði minnst fjórum (4) virkum dögum áður en slíkur flugrekstur hefst.

21. gr.

Umhverfisvernd.

Samningsaðilarnir styðja nauðsyn þess að vernda umhverfið með því að stuðla að sjálfbærri þróun innan fluggeirans. Samningsaðilarnir eru ásáttir um, að því er varðar flugrekstur milli yfirráðasvæða hvors um sig, að fylgja kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (SARP) sbr. 16. viðauka og þeirri stefnu og leiðbeiningum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem í gildi eru um umhverfisvernd.

22. gr.

Samráð.

1. Annar hvor samningsaðilanna getur hvenær sem er farið fram á samráð um túlkun, beitingu, framkvæmd eða breytingu ákvæða samnings þessa eða um það hvort farið sé að ákvæðum hans.

2. Fyrrnefnt samráð, sem getur farið fram með umræðu eða bréfaskiptum, skal hefjast innan 60 (sextíu) daga frá þeim degi þegar annar samningsaðilinn veitir skriflegri beiðni viðtöku, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.

23. gr.

Lausn deilumála.

1. Komi upp deila milli samningsaðilanna um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa skulu þeir fyrst leitast við að leysa hana með samningaviðræðum milli flugmálayfirvalda ríkja beggja samningsaðila.

2. Finni fyrrnefnd flugmálayfirvöld ekki lausn með samningaviðræðum skal deilan leyst eftir diplómatískum leiðum.

3. Finni samningsaðilarnir ekki lausn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. hér að framan getur annar hvor samningsaðilanna vísað deilunni til gerðardóms sem skal vera skipaður þremur gerðarmönnum þar sem einn er tilnefndur af hvorum samningsaðila um sig og þriðji gerðarmaðurinn, sem skal vera formaður dómsins, er samþykktur af hálfu beggja samningsaðila, að því tilskildu að sá þriðji sé ekki ríkisborgari annars hvors samningsaðilanna og sé ríkisborgari í ríki sem hefur stjórnmálasamband við hvorn samningsaðili um sig þegar hann er skipaður.

   Hvor samningsaðili um sig skal tilnefna sinn gerðarmann innan sextíu (60) daga frá þeim degi þegar tilkynningu um gerðardómsmeðferð er veitt viðtaka eftir diplómatískum leiðum. Skipa skal formanninn innan annarra sextíu (60) daga frá því að samningsaðilarnir skipa gerðarmennina tvo.

Láti samningsaðili hjá líða að tilnefna gerðarmann sinn innan tilgreinds frests eða geti samningsaðilarnir ekki komið sér saman um formanninn innan þess frests sem um getur, getur hvor samningsaðili um sig farið þess á leit við forseta ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að hann skipi formanninn eða þann gerðarmann sem verður í fyrirsvari fyrir þann samningsaðila sem vanefnir, eftir því sem tilefni er til.

4. Sé forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fjarverandi eða vanhæfur skal varaforsetinn eða háttsettur meðlimur ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem er ekki ríkisborgari annars hvors samningsaðilanna og er ríkisborgari ríkis sem hefur stjórnmálasamband við hvorn samningsaðila um sig þegar skipunin fer fram, eftir því sem við á, koma í stað forseta Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vegna skyldustarfa hans viðvíkjandi gerðardómum, eins og fram kemur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur og ákveður hvar gerðardómsmeðferð fer fram, með fyrirvara um ákvæði sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

6. Úrskurði gerðardómsins skal fella með meirihluta gerðarmanna og skulu þeir rökstuddir. Úrskurðir gerðardómsins eru endanlegar og bindandi fyrir deiluaðilana.

7. Hlíti annar hvor samningsaðilanna eða tilnefndur flugrekandi annars hvors samningsaðilanna ekki þeim úrskurði sem er felldur á grundvelli 6. mgr. þessarar greinar, getur hinn samningsaðilinn takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað réttindi eða sérréttindi sem hafa, í krafti samnings þessa, verið veitt þeim samningsaðila sem vanefnir.

8. Hvor samningsaðili um sig skal bera kostnað vegna gerðarmanns síns. Samningsaðilarnir skulu skipta sín á milli að jöfnu kostnaði vegna formannsins, meðal annars gjöldum og kostnaði sem Alþjóðaflugmálastofnunin leggur í í tengslum við skipun formannsins og/eða gerðarmanns þess samningsaðila sem vanefnir, eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

9. Samningsaðilarnir skulu, meðan þess er beðið að deila sé lögð í gerð og þar á eftir uns gerðardómur birtir úrskurð sinn, nema þá samningnum sé sagt upp, standa áfram við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum með fyrirvara um endanlega leiðréttingu í samræmi við fyrrnefndan úrskurð.

24. gr.

Breytingar.

1. Heimilt er að breyta samningi þessum með gagnkvæmu samþykki samningsaðilanna.

2. Breytingar á samningi þessum, að undanskildum breytingum á viðaukanum, skulu öðlast gildi í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem eru settar fram í 28. gr. samnings þessa.

3. Flugmálayfirvöld samningsaðilanna geta gert breytingar á viðaukanum með skriflegu samkomulagi sín á milli.

25. gr.

Fjölhliða samningar.

Öðlist fjölhliða samningur um flutninga í lofti gildi gagnvart báðum samningsaðilum skal breyta samningi þessum til samræmis við ákvæði þess fjölhliða samnings.

26. gr.

Uppsögn.

Annar hvor samningsaðilanna getur, hvenær sem er, tilkynnt hinum samningsaðilanum skriflega og eftir diplómatískum leiðum um þá ákvörðun sína að segja samningi þessum upp. Senda skal Alþjóðaflugmálastofnuninni samtímis þá tilkynningu. Samningur þessi fellur úr gildi á miðnætti, á staðartíma hjá þeim samningsaðila sem veitir tilkynningunni viðtöku, að tólf (12) mánuðum liðnum frá þeim degi þegar hinn samningsaðilinn veitti tilkynningunni viðtöku, nema tilkynningin sé dregin til baka áður en sá tími er liðinn. Staðfesti hinn samningsaðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið veitt viðtaka fjórtán (14) dögum eftir að Alþjóðaflugmálastofnunin veitir tilkynningunni viðtöku.

27. gr.

Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Sá samningsaðili sem á landsvæði þar sem samningur þessi var undirritaður skal skrá samninginn, ásamt öllum breytingum á honum, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni strax að lokunni undirritun.

28. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar síðari tilkynningunni, þar sem gefið er til kynna að báðir samningsaðilar hafi lokið allri nauðsynlegri, innlendri málsmeðferð, er veitt viðtaka.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík, þann 19. dag (*mánaðar*) Kislev 5779, (sem samsvarar 27. degi nóvember mánaðar ársins _____ (2018.) ___ í gregoríanska tímatalinu) í *staðfestum eintökum* á hebresku, íslensku og ensku og eru allir textar jafngildir.

Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Viðauki

Leiðaskrá.

Flugrekendur hvors samningsaðila um sig, sem eru tilnefndir á grundvelli samnings þessa, skulu eiga rétt á að bjóða fram flutninga í lofti milli staða á eftirtöldum leiðum:

A. Flugleiðir sem tilnefndur flugrekandi eða flugrekendur Ísraels munu starfa á:

Frá hvaða stað eða stöðum sem er í Ísrael gegnum hvaða viðkomustaði sem er til hvaða staðar eða staða sem er á Íslandi og hvaða staða sem er sem flogið er til áfram.

B. Flugleiðir sem tilnefndur flugrekandi eða flugrekendur Íslands munu starfa á:

Frá hvaða stað eða stöðum sem er á Íslandi gegnum hvaða viðkomustaði sem er til hvaða staðar eða staða sem er í Ísrael og hvaða staða sem er sem flogið er til áfram.

Athugasemdir:

Heimilt er að sleppa viðkomustöðum og stöðum sem flogið er til áfram á hvaða legg sem er.

Sá réttur tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans að stunda flug í því skyni að flytja farþega, farangur, farm og póst milli staða á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og staða á yfirráðasvæði þriðju landa (fimmtu flugréttindi) skal háður sérsamningi milli flugmálayfirvalda samningsaðilanna.